



Skipulagsnefnd – 04.05.2015

11. fundur

4. maí 2015, kl 13:00-15:30

Fundarstaður: Kröflustöð.

Fundarmenn:

Helgi Héðinsson, formaður

Birgir Steingrímsson

Margrét Hólm Valsdóttir

Pétur Snæbjörnsson

Selma Ásmundsdóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

(Í fjarveru Guðrúnar Brynleifsdóttur)

Dagskrá:

1. *Veitustofnun Skútustaðahrepps. Umsókn um framkvæmdaleyfi.*
2. *Vogar. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Björk.*
3. *Svartárvirkjun í Bárðardal. Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.*
4. *Hótel Reykjahlíð. Hugmyndir að viðbyggingu.*
5. *Kröflulína 3. Valkostir að legu við Kröflu*

1. **Veitustofnun Skútustaðahrepps. Umsókn um framkvæmdaleyfi** *S20150401*

Erindi dags. 15. apríl 2015 frá Jóni Óskari Péturssyni, sveitarstjóra, f.h. Skútustaðahrepps kt. 600269-1009 (Veitustofnun Skútustaðahrepps) þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi vegna lagningar hitaveitu frá Kálfaströnd (Óhappinu) að Garði skv. meðfylgjandi uppdráttum 07215.M22.009 og 010 frá VERKÍS verkfræðistofu. Meðfylgjandi er einnig samþykki Vegagerðarinnar fyrir framkvæmdinni.

Nefndarmenn staðfestu eftirfarandi bókun í tölvupósti:

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsókn um framkvæmdaleyfið verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út leyfið eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

2. Vogar. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Björk.

S20150102

Tekið fyrir að nýju erindi dags 19. febrúar 2015 frá Guðmundi H. Gunnarssyni, Búgarði f.h. Voga ferðapjónustu ehf þar sem sótt er um heimild til breytingar á deiliskipulagi skv. meðfylgjandi uppdrætti frá Búgarði (GHG). Helstu breytingar eru þær að skipulagssvæðið er stækkað úr 6000 m² í 9500 m² þannig að allar núverandi byggingar á svæðinu lendi innan byggingarreits og heimilt verði að endurbyggja hús á skipulagssvæðinu sem eiga að víkja skv. gildandi deiliskipulagi. Jafnframt verði settir byggingarskilmálar fyrir hús innan skipulagssvæðisins.

Breytingartillagan var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 20. mars til og með 1. maí 2015. Engar athugasemdir bárust en umsagnir án athugasemda bárust frá Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Eftirfarandi umsögn barst frá Minjastofnun Íslands: Undirritaður gerir því ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna með þeim fyrirvara að Minjastofnun á eftir að skoða skipulagssvæðið og kann að fara fram á breytingar á skipulaginu eða setja skilyrði fyrir framkvæmdinni ef í ljós kemur að minjar eru í hættu á skipulagssvæðinu. Engin svör bárust frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra þrátt fyrir ítrekun.

Skipulagsnefnd samþykkir að eftirfarandi ákvæðum verði bætt inn í greinargerð deiliskipulagsins:

„Minjastofnun á eftir að skoða skipulagssvæðið og kann að fara fram á breytingar á skipulaginu eða setja skilyrði fyrir framkvæmdinni ef í ljós kemur að minjar eru (séu) í hættu á skipulagssvæðinu.“

Nefndin samþykkir að öðru leyti tillögu að breytingu á deiliskipulagi ferðapjónustusvæðis í Björk og þar sem engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma tillögunnar felur nefndin skipulags- og byggingarfulltrúa að senda Skipulagsstofnun samþykktu deiliskipulagsbreytingu með fyrrgreindum textaviðauka vegna umsagnar Minjastofnunar og birta auglýsingu um samþykkt hennar í B-deild Stjórnartíðinda eins og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

3. Svartárvirkjun í Bárðardal. Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.

S20150402

Erindi dags 29. apríl 2015 frá Þórhildi Guðmundsdóttur f.h. VERKÍS ehf og SSB Orku ehf þar sem óskað er eftir því að gerð verði breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 í samræmi við 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna lagningar jarðstrengs og ljósleiðara.

SSB Orka ehf. vinnur að undirbúningi á allt að 9,8 MW virkjunar í Svartá í Bárðardal, Svartárvirkjunar. Fyrirhugað er að taka vatn í þrýstipípu frá stíflustæði, um 3 km langa leið að stöðvarhúsi sem reisa á í landi Bjarnastaða og Rauðafells, skammt frá þar sem Svartá fellur í Skjálfafljót.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.br., heyra framkvæmdir við vatnsorkuverið og lagningu jarðstrengs undir flokk B í 1. viðauka og eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar.

Virkjunin verður tengd inn á tengivirki Landsnets við Laxárvirkjun með 33 kV jarðstreng ásamt ljósleiðara sem framkvæmdaraðili hyggst sjálfur leggja yfir heiðar og munu um 7 km af um 47 km strengleið liggja um jarðirnar Hörgsdal og Stöng í Skútustaðahreppi. Komist hefur verið að samkomulagi við landeigendur Stangar, sjá meðfylgjandi afrit, vegna lagningar jarðstrengs og ljósleiðara en ekki liggur fyrir undirritað samkomulag við alla eigendur jarðarinnar Hörgsdals. Afrit af samkomulagi við eigendur Hörgsdals verður sent á skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps um leið og það liggur fyrir.

Fylgigögn með erindinu eru yfirlitsmynd sem sýnir fyrirhugaða legu jarðstrengs innan marka Skútustaðahrepps frá virkjun að tengivirki við Laxárvirkjun og afrit af samkomulagi við landeigendur Stangar.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að þegar samþykki allra landeigenda liggja fyrir verði leitað samþykkis Skipulagsstofnunar fyrir málsmeðferð vegna óverulegrar breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem fyrirhuguð breyting hefur ekki verulega breytingu á landnotkun í för með sér og er ekki líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði. Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna aðalskipulagsbreytingarinnar og jafnframt verði honum falið að senda rökstudda tillögu sveitarstjórnar um breytinguna til Skipulagsstofnunar

4. Hótel Reykjahlíð. Hugmyndir að viðbyggingu.

S20150403

Skipulags- og byggingarfulltrúi mun gera grein fyrir hugmyndum sem fulltrúar Icelandair Hótelanna kynntu á fundi með oddvita, sveitarstjóra, formanni skipulagsnefndar og skipulags- og byggingarfulltrúa á fundi í Mývatnssveit 14. apríl s.l.

Lagt fram til kynningar. Skipulagsnefnd mun taka afstöðu til málsins þegar nánari gögn liggja fyrir.

5. Kröflulína 3. Valkostir að legu við Kröflu.

S20150404

Fulltrúar frá Landsneti munu kynna verkefnið og greina frá valkostum að legu Kröflulínu 3 við Kröflu sem hafa verið til skoðunar samhliða mati á umhverfisáhrifum og einnig munu þeir fara yfir helstu niðurstöður umhverfismatsins sem liggja fyrir á þessu stigi. Farið verður um svæðið í kringum Kröflu og lega línunnar skoðuð á vettvangi. Að lokinni vettvangsskoðun verður farið aftur í Kröflustöð þar sem fulltrúar Landsnets svara spurningum og gefa frekari upplýsingar.

Lagt fram til kynningar. Skipulagsnefnd mun taka afstöðu til málsins þegar nánari gögn liggja fyrir. Fundi slitið